

Héraðsdómur Reykjaness

Úrskurður 14. júní 2024

Mál nr. Y-1127/2024:

Hörgull ehf.

(*Telma Sif Reynisdóttir lögmaður*)

gegn

Birtu lífeyrissjóði

(*Hafsteinn Viðar Hafsteinsson lögmaður*)

Úrskurður

Mál þetta barst dómnum 30. apríl 2024 og var tekið til úrskurðar 4. júní 2024.

Sóknaraðili er Hörgull ehf., kt. [...], [...], [...].

Varnaraðili er Birta lífeyrissjóður, kt. [...], Sundagörðum 2, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess að fjárnám gerðarbeiðanda að fjárhæð 252.090 krónur, skjalnúmer 448-C-002837/2023, sem mótttekið var til þinglýsingar 1. nóvember 2023, verði dæmt ógilt.

Sóknaraðili krefst þess í annan stað að aðfarargerð nr. 2024-013641, sem tekin var fyrir hjá sýslumanninum á Suðurnesjum 13. mars 2024, verði dæmd ógild. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti, að teknu tilliti til framlagðrar vinnuskýrslu.

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins, að teknu tilliti til framlagðrar vinnuskýrslu.

I.

Fyrri krafa sóknaraðila snýr að aðfararbeiðni, dags. 13. september 2023, en þar krafðist varnaraðili þess að gert yrði fjárnám hjá sóknaraðila fyrir 252.090 krónum. Beiðnin fékk númerið nr. 2023-054566 og var móttekin hjá sýslumanni 19. september 2023. Með beiðninni fylgdi greiðsluáskorun, dags. 11. apríl 2023, auk birtingarvottorðs þar sem fram kemur að hún hafi verið birt fyrir fyrirsvarsmanni sóknaraðila, [A], þann 25. apríl 2023, sem hafi neitað viðtöku og greiðsluáskorunin því verið sett í póstkassa. Þann 6. október 2023 er boðað til fyrirtöku gerðarinnar hjá sýslumanni, sem fyrirhuguð var 1. nóvember 2023. Boðun um fyrirtökuna var birt 19. október 2023 fyrir konu að

nafni [B], og fært er inn á birtingarvottorðið að hún hafi engin tengsl við sóknaraðila. Hafi hún hist þar fyrir eða „lögheimilisbirting“ eins og þar greinir. Aðfararbeiðnin var tekin fyrir á áður ákveðnum degi en ekki var mætt af hálfu sóknaraðila. Lauk gerðinni með því að fjárnám var gert að kröfu varnaraðila í fasteign sóknaraðila að [...], fnr. [...]. Tilkynning var send sóknaraðila bréflaga sama dag um að gerðin hefði farið fram.

Seinni krafan snýr að aðfararbeiðni, dags. 14. febrúar 2024, en þar krafðist varnaraðili þess að gert yrði fjárnám hjá sóknaraðila fyrir 637.911 krónum. Beiðnin var móttækin hjá sýslumanni 20. febrúar 2024 og fékk númerið 2024-013641. Með beiðninni fylgdi greiðsluáskorun, dags. 6. október 2023, auk birtingarvottorðs þar sem fram kemur að beiðnin hafi verið birt fyrir konu að nafni [B], og fært er inn á birtingarvottorðið að hún hafi engin tengsl við sóknaraðila. Hafi hún hist þar fyrir, lögheimilisbirting. Þann 26. febrúar 2024 var boðað til fyrirtöku gerðarinnar hjá sýslumanni, sem fyrirhuguð var 13. mars 2024. Boðun um fyrirtökuna var birt 29. febrúar 2024 fyrir [A], fyrirsvarsmanni sóknaraðila. Þann 13. mars 2024 var aðfararbeiðnin tekin fyrir þar sem mættur var lögmaður varnaraðila og fyrirsvarsmaður sóknaraðila ásamt lögmanni sem mótmælti framgangi gerðarinnar. Lauk gerðinni með því að fjárnám var gert að kröfu varnaraðila í fasteigninni [...], fnr. [...]. Af hálfu sóknaraðila var því lýst yfir að gerðin yrði borin undir héraðsdóm.

Dómari óskaði eftir því að sóknaraðili legði fram staðfest endurrit framlagðra gagna við aðfarargerðirnar, sbr. 2. mgr. 93. gr. laga nr. 90/1989. Endurrit gagna beggja aðfarargerða voru lögð fram af hálfu sóknaraðila 15. maí 2024, en með engum hætti staðfest af hálfu sýslumanns. Athugasemdir bárust frá sýslumanninum á Suðurnesjum 24. maí sl., sbr. heimild í 3. mgr. 93. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

II.

Um fyrra fjárnámið byggir sóknaraðili kröfu sína um ógildingu á því að krafan hafi ekki verið aðfararhæf. Fyrirsvarsmaður sóknaraðila minnst þess ekki að hafa hitt stefnuvottinn 25. apríl 2023 og neitað viðtöku greiðsluáskorunar eða að bréfið hafi ratað í póstkassa hans. Hvað sem því líður hafi greiðsluáskorunin ekki verið birt með lögsmætum hætti. Hvorki hafi verið hakað í á birtingarvottorðinu hvert væri tilgreint heimilisfang né verið skráð að fyrirsvarsmaður sóknaraðila hafi hist þar fyrir. Með sama hætti hafi boðun sýslumanns til fjárnámsins og birting þess 19. október 2023 verið ólögsmæt, enda verið birt fyrir eiginkonu stefnuvottsins. Í a-lið 3. mgr. 85. gr. laga nr.

91/1991 um meðferð einkamála komi fram reglur um birtingu, m.a. forgangsröðun. Ljóst sé að sú birtingi hafi verið ófullnægjandi skv. nefndu ákvæði og ákvæðum a-liðar 1. mgr. 52. gr., sem og 3. mgr. 84. gr. laga nr. 91/1991.

Sóknaraðili byggir á því að hafa ekki fengið upplýsingar um fyrra fjárnámið fyrr en í mars 2024, eða einhverjum dögum eftir að síðara fjárnámið fór fram. Er á því byggt að birting sýslumanns um lok þeirrar gerðar á www.island.is og að fjárnáminu hafi verið þinglýst á eign hans sé ekki fullgild birting þrátt fyrir ákvæði 7. gr. laga nr. 105/2021 um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Birting gagna með þeim hætti geti ekki talist fullnægjandi. Ekki sé um að ræða fullgilda rekjanlega rafræna afhendingarþjónustu eins og hún sé skilgreind í 36. tl. og 37. tl. 3. gr. reglugerðar ESB nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum, sem og um niðurfellingu á tilskipun nr. 1999/93/EB, sem lögfest hafi verið með lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti. Stafrænt pósthólf sýslumanns uppfylli ekki kröfur sem gerðar séu í 44. gr. reglugerðar ESB nr. 910/2014 og brjóti jafnframt gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar með því að mismuna borgurum á grundvelli aðgengis þeirra að stafrænni þjónustu, tæknilæsis og kunnáttu á að nýta sér tæknilausnir.

Um seinna fjárnámið er með sama hætti byggt á því að krafa varnaraðila hafi ekki verið aðfararhæf, þar sem birting greiðsluáskorunar hafi verið framkvæmd með sama hætti í fyrra fjárnámi, með því að birta fyrir eiginkonu stefnuvottsins.

Um lagarök er af hálfu sóknaraðila vísað til laga nr. 90/1989 um aðför, einkum 14. og 15. kafla. Þá sé vísað til framangreindra ákvæða í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og framangreinda ákvæða um rafræna birtingu. Þá sé vísað til innheimtulaga nr. 95/2008, einkum 6. gr. og til stjórnarskrár lýðveldisins Ísland nr. 33/1944.

III.

Varnaraðili mótmælir málatilbúnaði sóknaraðila sem röngum og ósönnuðum. Varnaraðili byggir að meginstefnu til á því að efni birtingarvottorðanna er fyrir liggi í málinu hafi ekki verið hnekkt og kröfur varnaraðila því aðfararhæfar. Þá sé frestur til að bera fjárnám frá 1. nóvember 2023 löngu liðinn.

Hvað varðar fjárnám frá 1. nóvember 2023 þá hafni varnaraðili þeim málatilbúnaði sóknaraðila að krafa varnaraðila hafi ekki verið aðfararhæf þegar gert var fjárnám í fasteign sóknaraðila. Fyrir liggi að varnaraðili sendi greiðsluáskorun sem birt

var 25. apríl 2023 kl. 19:45 fyrir forsvarsmanni sóknaraðila. Sóknaraðili hafi neitað viðtöku á áskoruninni sem sett var í póstkassa, svo sem fram komi á birtingarvottorði málsins. Löglíkur séu taldar fyrir því að efni birtingarvottorða sé rétt, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en þar segir að efni þeirra teljist rétt þar til hið gagnstæða sannast. Augljóst sé að ekki dugi til að hnekkja efni birtingarvottorðsins að segja að það sé ekki rétt og styðja það engum gögnum. Hafi sóknaraðili því ekki tekist að hnekkja efni birtingarvottorðsins. Krafan hafi því verið aðfararhæf. Beri þegar af þeim sökum að hafna kröfu sóknaraðila um ógildingu fjárnámsins.

Varnaraðili telur einnig ljóst að frestir sóknaraðila til að bera fyrra fjárnámið undir héraðsdóm séu ljóslega liðnir. Fresti samkvæmt 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 hafi lokið þann 27. desember 2023 án þess að sóknaraðili bæri gerðina undir héraðsdóm. Skilja verði málatilbúnað sóknaraðila þannig að byggt sé á undantekningu frá þeim fresti í 2. mgr. 92. gr. laganna og að það sé afsakanlegt að gerðin hafi ekki verið borin undir héraðsdóm í tæka tíð. Samkvæmt málskoti sóknaraðila hafi forsvarsmanni félagsins orðið kunnugt um fjárnámið í mars 2024 í kjölfar birtingar á boðun, dags. 29. febrúar sl. Miðað við það hafi liðið að lágmarki rúmar átta vikur frá því að sóknaraðila varð í síðasta lagi kunnugt um fjárnámið og þar til það var borið undir héraðsdóm þann 30. apríl 2024. Varnaraðili vísar til þess að þegar svona háttar til beri þeim sem ætlar að bera aðfarargerð undir héraðsdóm að gera það án ástæðulauss dráttar. Þar sem það hafi ekki verið gert hafi sóknaraðili fallið á tíma að bera gerðina undir héraðsdóm. Til hliðsjónar vísar varnaraðili til þess að kærufrestir skv. 1. mgr. 144. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 eru að jafnaði tvær vikur og áfrýjunarfrestir eru fjórar vikur sbr. 1. mgr. 153. gr. sömu laga. Auk þess telur varnaraðili ljóst að niðurstöður fjárnámsins hafi verið birtar sóknaraðila, sbr. ákvæði 7. gr. laga nr. 105/2021, sbr. nánar hér að neðan.

Hvað varðar fjárnámið frá 13. mars 2024 hafnar varnaraðili jafnframt þeim málatilbúnaði sóknaraðila að krafa varnaraðila hafi ekki verið aðfararhæf þegar gert var fjárnám í fasteign sóknaraðila. Fyrir liggur að varnaraðili sendi greiðsluáskorun sem birt var 12. október 2023 kl. 18:10 fyrir [B] er hittist þar fyrir. Um sé að ræða svokallaða lögheimilisbirtingu, en heimild til hennar sé í síðasta málslið a-liðar 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð einkamála nr. 90/1991. Sömu forsendur eigi við hér og að fram um að löglíkur séu fyrir því að efni birtingarvottorða sé rétt, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga nr. 90/1991 um meðferð einkamála. Ganga verður einnig út frá því að stefnuvottur hafi reynt að birta greiðsluáskorun, annað hvort fyrir forsvarsmanni sóknaraðila eða heimilismönnum hans

og það að birta fyrir einhverjum sem þar hittist fyrir hafi verið þrautalending. Þá liggi ekkert fyrir um það í gögnum málsins að stefnuvotturinn hafi birt fyrir eiginkonu sinni og þó svo þannig sé háttáð þá er ekkert sem kemur í veg fyrir það í lögum. Aðalatriðið sé að sóknaraðila hafi ekki tekist að hnekkja efni birtingarvottorðsins. Krafa varnaraðila hafi því verið aðfararhæf. Beri þegar af þeim sökum að hafna kröfu sóknaraðila um ógildingu fjárnámsins.

Í málskoti sóknaraðila sé í löngu máli fjallað um tilkynningar sýslumanns um lok gerðanna sem sendar voru með rafrænum hætti í stafrænt pósthólf á vefsvæðinu www.island.is. Óljóst sé hins vegar hvaða þýðingu þessi umfjöllun hafi fyrir ágreining málsins nema þá kannski hvort dráttur það hvort dráttur sóknaraðila á að bera fyrri gerðina undir héraðsdóm teljist afsakanlegur. Varnaraðili leggi áherslu á tvennt í þessu samhengi. Annars vegar að engin lagaskylda hvíli á sýslumanni að tilkynna gerðarþola um lok gerðar á grundvelli aðfararlaga nr. 90/1989. Tilkynningar um slíkt séu því umfram skyldu. Hins vegar vísar varnaraðili til þess sem að framan greindi að gögn sem birt séu í stafrænu pósthólfi á www.island.is teljist birt þegar þau séu aðgengileg í pósthólfi viðtakanda, sbr. 7. gr. laga nr. 105/2021.

Um lagarök vísar varnaraðili til ákvæða aðfararlaga nr. 90/1989, einkum 7. gr. og 2. mgr. 92. gr. laganna. Einnig sé vísað til ákvæða laga um meðferð einkamála, einkum 85. og 87. gr. laganna. Þá sé vísað til ákvæða laga nr. 105/2021, einkum 7. gr. laganna. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum sendi inn athugasemdir sínar um málefnið, sbr. heimild í 3. mgr. 93. gr. laga nr. 90/1989. Er þar vísað til þess að í báðum aðfarargerðum málsins liggi fyrir birtingarvottorð um birtingu greiðsluáskorana og boðun til fjárnáms. Með því séu uppfyllt skilyrði aðfararlaga, og sýslumaður hafi engar forsendur til að rengja að framkvæmd birtinga hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 3. mgr. 84. gr., 85. gr. og 1. mgr. 52. gr. laganna.

Um þá málsástæðu sóknaraðila er snýr að birtingu um lok fjárnámsgerða á www.island.is vísar sýslumaður til þess að ekki liggi annað fyrir en að sú birting sé í samræmi við lög nr. 105/2021 og telja verði með hliðsjón af greinargerð frumvarpsins að ekki sé tilefni til að ætla að löggin stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Áður en pósthólf www.island.is hafi verið tekið í notkun hafi

tilkynningar um lok fjárnáms verið sendar með hefðbundnum bréfum, ekki rekjanlegum ábyrgðarbréfum, sbr. 3. mgr. 51. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Að lokum telur sýslumaður að málskot hvað varðar aðfarargerð nr. 2023-054566 sé of seint fram komin þar sem átta vikna frestur hafi verið liðinn, sbr. 92. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

V.

Mál þetta fer eftir 15. kafla laga nr. 90/1989 um aðför, um úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar, sbr. og 87.-89. gr. og 1. mgr. 90. gr. sömu laga. Ekki verður séð að ágreiningurinn fyrir dómi varði efnislegt réttmæti þeirra fjárkrafna sem standa að baki aðfarargerðunum, heldur eingöngu formskilyrði, þ.e. hvort birtingar greiðsluáskorana og boðana til fjárnáms, sem og birting um lok fjárnáms, teljist lögmætar.

Í fyrri kröfu sinni krefst sóknaraðili þess að fjárnám, upphaflega að fjárhæð 252.090 krónur, með skjalanúmerið 448-C-002837/2023, sem mótttekið hafi verið til þinglýsingar 1. nóvember 2023, verði dæmt ógilt.

Í 1.tl. 1. mgr. 93. gr. laga nr. 90/1989, segir að í tilkynningu til dómsins skuli greina um hvaða aðfarargerð sé að ræða, hvenær hún fór fram og um aðila að henni. Tilkynning sóknaraðila uppfyllir ekki þessi skilyrði en telja verður víst af gögnum málsins að átt sé við aðfarargerð nr. 2023-054566, sem gerð var 1. nóvember 2023 hjá sýslumanninum á Suðurnesjum, með því að gert var fjárnám í fasteign í eigu sóknaraðila að kröfu varnaraðila.

Í 1. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 segir að heimilt sé að krefjast úrlausnar héraðsdóms um aðfarargerð ef krafa þess efnis berst héraðsdómara innan átta vikna frá því að gerðinni var lokið. Ljóst er að átta vikna frestur var löngu liðinn þegar ágreiningur um fyrra fjárnámið var borinn undir dóminn 30. apríl 2024.

Af hálfu sóknaraðila er vísað til þess að hann hafi ekki vitað af aðfarargerðinni fyrr en hann hafi verið upplýstur um það af sýslumanni eftir boðun til seinna fjárnámsins. Sóknaraðili tiltekur ekki í tilkynningu sinni til dómsins um þá lagaheimild sem hann telur að eigi við um heimild þess að bera ágreininginn undir dóminn nú. Virðist þó af málalíbúnaði hans að byggt sé á heimild í ákvæði 2. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989.

Samkvæmt 2. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989 má m.a. bera ágreining undir dóminn, þótt liðinn sé frestur skv. 1. mgr., ef héraðsdómari telur það afsakanlegt að málefnið hafi ekki verið lagt fyrir hann í tæka tíð. Í greinargerð með ákvæðinu kemur m.a. fram að

ætlast verði til að málaleitan sem þessi sé borin upp við héraðsdómara án ástæðulauss dráttar, eftir að málsaðila verður þetta fært.

Í framlagðri bókun sóknaraðila við fjárnámsgerðina 13. mars 2024 segir að eftir að hann tók við boðun til fjárnáms þann 29. febrúar sl. hafi hann þá þegar óskað eftir afriti af gögnum málsins. „Meðal gagna voru birtingarvottorð sem hann hafði ekki séð áður.“ Í málsatvikalýsingu sóknaraðila segir nánar um þetta að hann hafi farið rakleiðis til sýslumanns eftir að hann fékk boðun til seinna fjárnámsins í þeim tilgangi að óska eftir gögnum. Í þeirri heimsókn hafi hann fengið upplýsingar um fjárnámið sem fram hefði farið 1. nóvember 2023, og fengið afrit af þeim birtingarvottorðum sem lágu fyrir um þá gerð. Í málsástæðukafla sóknaraðila segir það eitt að hann hafi í mars 2024 fengið vitneskju um fyrra fjárnámið.

Óljóst er og engum gögnum stutt hvenær í mars sóknaraðili hafi nánar fengið framangreindar upplýsingar. Hafi sóknaraðili farið rakleiðis til sýslumanns eftir 29. febrúar sl., eins og hann ber sjálfur, voru liðnar meira en átta vikur frá vitneskju hans um fyrra fjárnámið og þar til ágreiningurinn var borinn undir dóminn 30. apríl 2024. Leggja verður framangreindar upplýsingar sóknaraðila til grundvallar í málinu. Ósannað er og ekki í samræmi við gögn málsins, að sóknaraðili hafi fengið framangreindar upplýsingar eftir fyrirtöku seinna fjárnámsins 13. mars sl., eins og ætla mátti af málflutningi. Hvað sem framangreindu líður þá liggur með engum hætti fyrir hvaða afsakanlegu ástæður hafi verið fyrir því að bíða til 30. apríl 2024 með að bera málaleitan þessa undir dóminn. Sóknaraðili getur ekki miðað málshöfðunarfrest fyrra fjárnámsins við lok gerðar seinna fjárnámsins. Með vísan til þessa var ágreiningur um fyrra fjárnámið ekki lagður fyrir dóminn í tæka tíð, sbr. 2. mgr. 92. gr. laga nr. 90/1989.

Þegar af framangreindri ástæðu verður fallist á kröfu varnaraðila. Koma því ekki til frekari skoðunar málsástæður sóknaraðila um ógildingu fyrra fjárnámsins sem byggjast á meintri ólögmati birtingu greiðsluáskorunar, meintri ólögmati boðun sýslumanns til fjárnámsins og meintri ólögmati tilkynningu sýslumanns um lok fjárnámsins, sbr. 3. mgr. 51. gr. laga nr. 90/1989, á www.island.is, sem og um þinglýsingu fjárnámsins.

Í seinni kröfu sóknaraðila er þess krafist að aðfarargerð nr. 2024-013641, sem fram fór hjá sýslumanninum á Suðurnesjum 13. mars sl., verði dæmd ógild. Er á því byggt að birting greiðsluáskorunar þann 12. október 2023 sé ólögmet. Aðfararheimild

varnaraðila hafi þannig ekki verið í lögsmætu formi, sbr. 17. gr. laga nr. 90/1989, og krafan því ekki aðfararhæf, eins og dómurinn skilur málatilbúnað sóknaraðila.

Í umþrættu birtingarvottorði, dags 12. október 2023, kemur fram að birtingin hafi farið fram að [...]. Ekki er annað fram komið en að það sé lögheimili fyrirsvarsmanns sóknaraðila. Þar hafi greiðsluáskorunin verið birt fyrir aðila sem hafi hist þar fyrir, sem ætlað verður að sé maki stefnuvottsins. Þá segir í vottorðinu að viðtakandi hafi engin tengsl við þann er birting beinist að, - „Lögheimilisbirting“.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal birting að jafnaði fara fram á skráðu lögheimili, og skv. a-lið 3. mgr. 85. gr. sömu laga er heimilt að birta fyrir hverjum þeim sem hittist þar fyrir. Virðist af þessu ljóst að heimilt hafi verið að birta greiðsluáskorunina fyrir hverjum þeim sem hittist fyrir á hinu skráða lögheimili, jafnvel maka stefnuvottsins þótt slík birting geti almennt ekki talist æskileg. Breytir hér engu þótt maki í einkamáli geti skorast undan því að gefa vitnaskýrslu, sbr. a-lið 1. mgr. 52. gr. laga nr. 91/1991, eða að stefnuvottur geti orðið vanhæfur til birtingar, sbr. 3. mgr. 84. gr. sömu laga, enda óupplýst hver tengsl stefnuvottsins við aðila aðfararmálsins gætu verið. Þá getur engu skipt um lögsmæti þeirrar birtingar að stefnuvottur geti þess ekki á vottorðinu hvað viðtakandinn gerði við bréfið, sbr. 3. mgr. 86. gr. laga nr. 91/1991.

Framangreint birtingarvottorð veitir löglíkur fyrir birtingu, enda telst efni birtingarvottorðs rétt þar til það gagnstæða sannast, sbr. 3. mgr. 87. gr. laga nr. 91/1991. Af hálfu sóknaraðila hefur því ekki verið hnekkjt að birtingin hafi farið fram með þeim hætti sem í vottorðinu greinir. Samkvæmt þessu voru uppfyllt þau formskilyrði aðfararlaga nr. 90/1989 að greiðsluáskorun hafi verið beint til sóknaraðila með birtingu stefnuvotts, sbr. 7. gr. laga nr. 90/1989, áður gert var fjárnám í fasteign sóknaraðila þann 13. mars sl. að kröfu varnaraðila.

Af hálfu sóknaraðila kom fram við munnlegan málflutning að málsástæður er tengdust birtingu á www.island.is ættu eingöngu við um fyrra fjárnámið.

Með vísan til alls framangreinds, sbr. 95. gr. laga nr. 90/1989, verður fallist á kröfu varnaraðila með þeim hætti að staðfest er aðfarargerð sýslumannsins á Suðurnesjum nr. 2023-054566, sem fram fór 1. nóvember 2023, með því að gert var fjárnám í fasteign sóknaraðila að [...], fyrir kröfu varnaraðila að fjárhæð 252.090 krónur, og staðfest er aðfarargerð sýslumannsins á Suðurnesjum nr. 2024-013641, sem fram fór 13. mars 2024, með því að gert var fjárnám í fasteign sóknaraðila að [...], fyrir kröfu varnaraðila að fjárhæð 637.911 krónur.

Ekki komu fram kröfur um að málskot til æðra dóms frestaði frekari fullnustuaðgerðum, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989, verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað sem er hæfilega ákveðinn 620.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er aðfarargerð sýslumannsins á Suðurnesjum nr. 2023-054566, sem fram fór 1. nóvember 2023, með því að gert var fjárnám í fasteign sóknaraðila, [...], fyrir kröfu varnaraðila að fjárhæð 252.090 krónur, og staðfest er aðfarargerð sýslumannsins á Suðurnesjum nr. 2024-013641, sem fram fór 13. mars 2024, með því að gert var fjárnám í fasteign sóknaraðila, [...], fyrir kröfu varnaraðila að fjárhæð 637.911 krónur.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 620.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson